

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna var haldinn mánudaginn 3. apríl 2006 kl. 17 í Hvammi á Grand Hótel.

Víglundur Þorsteinsson, formaður stjórnar sjóðsins, setti ársfundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Gunnar P. Pálsson, varaformann stjórnar sjóðsins, sem fundarstjóra og var hún einróma samþykkt. Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins sem var auglýstur í Morgunblaðinu hinn 21. og 22. janúar, 5. mars og 3. apríl og í Fréttablaðinu 8. febrúar, 5. mars og 3. apríl og lýsti hann fundinn lögmætan. Fundarstjóri lagði síðan til að Valgarður Sverrisson yrði fundarritari og var það samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla stjórnar

Víglundur Þorsteinsson formaður flutti skýrslu stjórnar. Sagði hann að árið 2005 hefði verið einstaklega hagfellt í rekstri sjóðsins. Nafnávöxtun var 20,9% sem samsvarar 16,1% raunávöxtun og er það besta raunávöxtun í 50 ára sögu sjóðsins. Góð ávöxtun hefði styrkt mjög tryggingafræðilega stöðu sjóðsins og breytingin um síðustu áramót yfir í aldurstengt réttindakerfi hefði styrkt stöðu sjóðsins til framtíðar. Við mat á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins er tekið mið af nýjum ævi- og örorkulikum en það hafa einhverjir lífeyrissjóðir ekki gert.

Formaður sagði að með tilliti til tryggrar stöðu sjóðsins hefði verið ákveðið að hækka áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga og greiðslur til lífeyrisþega um 4% frá 1. janúar 2006. Það var mat stjórnar sjóðsins að í ljósi mikilla hækkana á hlutabréfamarkaði á liðnum misserum, væri skynsamlegt að viðhalda styrkri stöðu sjóðsins gagnvart skuldbindingum eftir hækkun lífeyrisréttinda þannig að gott borð væri fyrir báru ef þróun á verðbréfamörkuðum yrði óhagstæð á árinu. Þannig var staða sjóðsins jákvæð um 14,7 milljarða eða 4,3% af skuldbindingum að hækkuninni afstaðinni.

Formaður sagði að breytingin yfir í aldurstengt réttindakerfi um síðustu áramót væri í takt við breytingar á réttindakerfi margra lífeyrissjóða. Breytingin mun létta á

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

framtíðarskuldbindingum og því verður sjóðurinn ekki eins næmur í framtíðinni fyrir breytingum á dánar- og örorkulíkum.

Sagði formaður jafnframt að nýja réttindakerfið tryggi hagsmuni núverandi sjóðfélaga þannig að þeir sem uppfylla tiltekin skilyrði geta haldið áfram að mynda réttindi í jafnri ávinnslu upp að tilteknu hámarki. Iðgjald sjóðfélaga frá og með 2006 sem færast í jafna réttindaávinnslu, svokallað viðmiðunariðgjald, getur hæst orðið jafnhátt 10% iðgjaldi sjóðfélagens vegna ársins 2003 fært til verðlags í dag. Iðgjald umfram verðbætt viðmiðunariðgjald færast í aldurstengda ávinnslu. Sjóðfélagar verða fljótlega upplýstir um útreikning á viðmiðunariðgjaldi til jafnrar réttindaávinnslu. Þeir sem eru ungir hafa aftur á móti hag af því að ávinna sér réttindi miðað við aldurstengda ávinnslu.

Formaður sagði að eignir sjóðsins næmu nú um 200 milljörðum og miðað við áætlun um 5% til 6% árlegan raunvöxt næstu árin mætti varlega áætla að eignirnar verði um 300 milljarðar eftir 10 ár. Sjóðurinn mun í auknum mæli líta til erlendra fjárfestingakosta og sagði formaður að lögð hefði verið aukin áhersla á fjárfestingar í Asíu sem skilað hafa sjóðnum góðri ávöxtun.

Að endingu vék formaður að góðri langtímaávöxtun sjóðsins, en meðalraunávöxtun síðustu 10 ára er 7,3% og síðustu 5 ára 7,0%. Sagði hann að reikna yrði með rekstrarárum með neikvæðri ávöxtun en að ávöxtun til lengri tíma væri mikilvægust. Taldi hann það góðan árangur hjá sjóðnum að vera með rúmlega 7% meðalraunávöxtun síðustu 10 árin en að það væri óvarlegt að reikna með slíkri meðalávöxtun í framtíðinni.

Formaður þakkaði að lokum stjórnarmönnum og forstjóra fyrir gott og ánægjulegt samstarf á liðnu ári. Jafnframt þakkaði hann fyrir hönd stjórnar lífeyrissjóðsins öllu starfsfólki sjóðsins fyrir góð störf á liðnu ári.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

2. Skýrsla forstjóra

a) Ársreikningur síðasta starfsárs

Þorgeir Eyjólfsson forstjóri gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2005. Í ræðu forstjóra kom m.a. fram að árið 2005 er besta rekstrarárið í 50 ára sögu lífeyrissjóðsins. Árferði á verðbréfamörkuðum og þá ekki síst á innlenda hlutabréfamarkaðinum hefur verið afar hagstætt síðustu þrjú árin.

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda námu tæpum 11 milljörðum í samanburði við 9 milljarða á árinu 2004 og hækkuðu því um 22,4% á liðnu ári. Á greiðslugrunni hækkuðu iðgjöldin um 19,8% en þar sem útistandandi iðgjöld um áramót hækkuðu á milli ára varð bókhaldslega hækkunin 22,4%.

Lífeyrisgreiðslur námu 3 milljörðum á liðnu ári og hækkuðu um 12% frá árinu 2004 þegar þær námu 2,6 milljörðum. Þar af nam ellilífeyrir 1.784 milljónum og örorkulífeyrir 812 milljónum. Lífeyrisþegar voru 7.410 um síðustu áramót og fjölgaði um 6% á síðasta ári. Þar af þáðu 3.943 ellilífeyri og 1.874 örorkulífeyri.

Fjárfestingartekjur námu alls 32,6 milljörðum á liðnu ári samanborið við 21 milljarð á árinu 2004 og hækkuðu um 55% á milli ára. Hækkun fjárfestingatekna milli ára skýrist annars vegar af 7,4 milljarða hækkun tekna af erlendum hlutabréfum og 5,4 milljarða hækkun fjárfestingatekna af innlendum hlutabréfum miðað við fyrra ár.

Rekstrarkostnaður sjóðsins vegna fjárfestinga nam á síðasta ári 177 milljónum. Annar rekstrarkostnaður sjóðsins nam 164 milljónum á liðnu ári. Inni í þessum tölum er launakostnaður sjóðsins með launatengdum gjöldum sem nam 206 milljónum á liðnu ári. Aðrar tekjur sjóðsins námu 57 milljónum.

Rekstrarkostnaður sjóðsins að frádregnum öðrum tekjum nam 1,02% af iðgjöldum eða 0,064% af eignum, sem er það lægsta sem þekkist meðal lífeyrissjóðanna. Hjá lífeyrissjóðnum starfa nú 27 starfsmenn. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu 2005 var 27,5 samanborið við 26,6 árið áður.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Hrein eign sjóðsins í árslok til greiðslu líffeyris nam 191 milljarði og hækkaði eignin um 40 milljarða á milli ára eða um 26,7%. Á liðnum þremur árum hefur höfuðstóllinn hækkað mikið eða um 68% að raungildi samfara hagstæðu árferði á fjármálamörkuðum.

Fjárfestingar eða verðbréfaeign sjóðsins auk eignarhluta sjóðsins í Húsi verslunarinnar námu 187,3 milljörðum í árslok og hækkuðu um 42,7 milljarða á árinu eða 29%. Innlend hlutabréfaeign nam á markaðsverði 42 milljörðum og erlend verðbréfaeign sjóðsins nam 56,1 milljarði. Skuldabréfasafn sjóðsins nam 88,9 milljörðum í árslok og þar af eru útistandandi lánveitingar til sjóðfélaga 24,4 milljarðar.

Á árinu 2005 námu nýjar fjárfestingar sjóðsins 46,3 milljörðum og voru 13,5% hærri en á árinu á undan. Sjóðfélögum voru lánaðar 8,6 milljarðar og keypt voru ríkisbréf og skuldabréf Íbúðalánasjóðs fyrir 4,4 milljarða. Önnur verðbréfakaup og lánveitingar svo sem til stofnlánasjóða auk kaupa á markaðsverðbréfum banka og fyrirtækja námu 7,4 milljörðum. Keypt voru innlend hlutabréf fyrir 12,7 milljarða og erlend verðbréf fyrir 13,3 milljarða.

Í árslok 2005 námu íbúðabréf og önnur skuldabréf Íbúðalánasjóðs 18% af verðbréfaeigninni, markaðsverðbréf banka, eignarleiga, sveitarfélaga og fyrirtækja voru 17% eignarinnar og sjóðfélagalán 13%. Innlend hlutabréf voru 22% og erlend verðbréf 30% af verðbréfaeigninni.

Kröfur á launagreiðendur námu um síðustu áramót 1.093 milljónum og hækkuðu um 115 milljónir á árinu. Að lang stærstum hluta er þar um að ræða ógreidd iðgjöld vegna desembermánaðar sem skilað er af launagreiðendum í janúarmánuði. Aðrar kröfur eru 59 milljónir. Undir liðnum aðrar eignir eru bankainnistæður fyrirferðamestar en þær námu 3,5 milljörðum í árslok 2005 samanborið við 4,4 milljarða í árslok 2004.

Á árinu 2005 voru afgreidd 1.307 lán til einstaklinga í samanburði við 1.438 lán árið áður sem er fækkun um 9%. Heldur dró úr eftirspurn sjóðfélaga eftir lánnum hjá sjóðnum þegar líða tók á árið samfara minni fasteignaviðskiptum. Heildarfjárhæð

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

afgreiddra sjóðfélagalána var 8,6 milljarðar samanborið við 5,4 milljarða árið 2004 sem er hækkun um 59% milli ára.

Hlutabréfaviðskipti sjóðsins námu 25,7 milljörðum á liðnu ári. Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í innlendum hlutabréfum fyrir 12,7 milljarða á síðasta ári eða sem nemur 27,4% af fjárfestingum. Seld voru hlutabréf fyrir 13,1 milljarð. Um síðustu áramót nam hlutabréfaeign sjóðsins 41,9 milljörðum eða 22,4% af verðbréfaeign og hafði þá hækkað um 67,7% á árinu eða um 16,9 milljarða. Þetta er áhugaverð staðreynd þegar horft er til þess að sala hlutabréfa á árinu nam 400 milljónum umfram kaup eins og áður sagði.

Raunávöxtun innlendu hlutabréfaeignar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna á liðnu ári var 64,7% og nafnávöxtun 71,8% en til samanburðar hækkaði Úrvalsvísitala aðallista Kauphallarinnar um 64,7%. Lífeyrissjóðurinn er nú hluthafi í 17 hlutafélögum.

Innlenda hlutabréfaeignin hefur ávaxtast vel á liðnum árum og sýnir 20,3% árlega raunávöxtun yfir 26 ára tímabil, þ.e. frá 1980 til ársloka 2005. Ávöxtun innlendu hlutabréfaeignar sjóðsins á undanförunum árum hefur tekist afskaplega vel og er uppsöfnuð umframávöxtun hennar samanborið við Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands 90,4% yfir 9 ára tímabil frá 1997 til 2005.

Erlend verðbréfaeign sjóðsins um sl. áramót nam 56,1 milljarði samanborið við 36,8 milljarða í árslok 2004 og er nú 30% af verðbréfaeign.

Á liðnu ári hækkaði heimsvísitala Morgan Stanley um 7,6%, en hún er helsti mælikvarði á breytingu hlutabréfaverðs í heiminum. Ávöxtun erlendu verðbréfaeignarinnar á árinu 2005 var góð eða 15,3% sem samsvarar 10,7% raunávöxtun. Gerðir hafa verið framvirkir gjaldeyrissamningar til að draga úr misvægi á gjaldmiðlasamsetningu erlendar verðbréfaeignar sjóðsins gagnvart gengisvog íslensku krónunnar og til að draga úr gjaldeyrissáhættu sjóðsins. Afkoma samninga er færð í ársreikninginn.

Mikill uppgangur og vöxtur hefur verið í efnahagslífi Asíu og þá sérstaklega í Kína og Indlandi en jafnframt er að baki sú langa efnahagslægd sem gengið hefur yfir

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Japan. Í ljósi þess var á liðnu ári ákveðið að leggja meiri áherslu á fjárfestingar í Asíu en hlutfall svæðisins í heimsvísitölu hlutabréfa MSCI gefur tilefni til, en í henni vegur svæðið liðlega 10%. Þannig var hlutfallsleg vigt svæðisins aukin í erlendu eignasafni sjóðsins á liðnu ári með fjárfestingum í hlutabréfasjóðum í Asíu. Ávöxtun Asíu-safnsins var góð á liðnu ári eða u.þ.b. 30%.

Ávöxtun á árinu 2005 var 20,9% sem samsvarar 16,1% raunávöxtun samanborið við 12,1% raunávöxtun á árinu 2004. Á liðnu ári náðist besta raunávöxtun í 50 ára sögu sjóðsins. Hrein ávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum var 20,9% sem samsvarar 16,1% raunávöxtun. Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er 7,0% og síðustu 10 ára 7,3%.

Sjóðurinn stendur afar vel þegar gerður er samanburður á ávöxtunarárangri sjóðsins við aðra lífeyrissjóði og við lífeyrissjóði eða lífeyrissparnaðarreikninga sem reknir eru á vegum banka eða sparissjóða. Þannig var nafnávöxtun sjóðsins yfir 5% hærrí á liðnu ári heldur en eintaklingar í viðskipum við bankanna nutu hjá þeim.

Iðgjöld til séreignardeildarinnar námu 518 milljónum á árinu 2005 samanborið við 687 milljónir árið áður, en á árinu 2005 féll niður skylda atvinnurekenda til að greiða 1% framlag í séreignarsjóð fyrir þá starfsmenn sem ekki leggja til hliðar í séreign. Eignir á reikningum í séreignardeild námu 4,1 milljarði í árslok samanborið við 3 milljarða í árslok 2004 sem er aukning um 39%. Alls áttu tæplega 39.000 einstaklingar inneignir í séreignardeild samanborið við 37.800 í árslok 2004. Rekstrarkostnaður séreignardeildarinnar er með því lægsta sem þekkist meðal lífeyrissjóðanna eða einungis 0,06% af eignum. Hrein nafnávöxtun inneigna á séreignarreikningum var 20,9% sem svarar til 16,1% raunávöxtunar. Séreignardeildin er ávöxtuð samhliða öðrum eignum sjóðsins.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

b) Tryggingafræðileg athugun

Forstjóri greindi frá því að tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2005 sýndi að eignir og verðmæti framtíðariðgjalda námu 20,7 milljörðum eða 6,1% umfram heildarskuldbindingar samanborið við neikvæða 5,9% stöðu í árslok 2004 og batnaði heildarstaðan um 12,0% milli ára. Eignir umfram áfallnar skuldbindingar námu 41,3 milljarði eða 27,4% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Þýðingarmikill þáttur í betri stöðu sjóðsins um áramót fólst í góðum ávöxtunarárangri sjóðsins á liðnu ári.

c) Fjárfestingastefna og fjárhagsáætlun 2006

Forstjóri greindi frá því að fjárfestingastefna sjóðsins hefði ekki breyst á árinu 2005. Hann gerði jafnframt grein fyrir fjárhagsáætlun ársins 2006 en ekki er gert ráð fyrir markaðssölu verðbréfa í áætluninni. Áætlað er að lánveitingar til sjóðfélaga verði 15 til 25%, kaup á skuldabréfum stofnlánasjóða og fyrirtækja nemi 2 til 5%, keypt verði skuldabréf Íbúðalánasjóðs fyrir 15 til 25% af ráðstöfunarfé, varið verði til kaupa á ýmsum markaðsskuldbréfum 10 til 20% af ráðstöfunarfé, til innlendra hlutabréfakaupa verði varið 5 til 15% af því sem verður til ráðstöfunar og 25 til 35% verði varið til kaupa á erlendum verðbréfum. Fjárhagsáætlunin er sífellt til endurskoðunar eftir aðstæðum á fjármagnsmörkuðum.

d) Ákvörðun um laun stjórnar

Forstjóri gerði grein fyrir ákvörðun um laun stjórnar. Sagði hann að laun stjórnarmanna væru 85.000 kr. á mánuði og hefðu hækkað milli ára um 3.000 kr. á mánuði, formaður fengi tvöföld stjórnarlaun og varaformaður ein og hálföld stjórnarlaun.

Að lokum þakkaði forstjóri samstarfsfólki sínu fyrir mjög gott samstarf og formanni og stjórn þakkaði hann ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári. Að endingu þakkaði hann, fyrir hönd starfsmanna sjóðsins, þeim fjölmörgu sjóðfélögum sem leituðu til sjóðsins með málefni sín á liðnu ári fyrir ánægjuleg samskipti.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu formanns og forstjóra.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Hannes Þ. Sigurðsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði fyrir glæsilegan rekstrarárangur á liðnu ári sem hann taldi alveg einstakan. Hannes sagði það sem fyrr skoðun sína að sjóðurinn ætti að fara varlega í fjárfestingum sínum og taka litla áhættu.

Fundarstjóri þakkaði Hannesi fyrir hlý orð í garð sjóðsins.


3. Önnur mál

Jóhannes, lífeyrisþegi kvaddi sér hljóðs og spurðist fyrir um desember uppbót á ellilífeyrisgreiðslur.

Forstjóri svaraði Jóhannesi og sagði að beint línulegt samhengi væri milli iðgjalda til sjóðsins og lífeyrisgreiðslna úr honum. Sagði hann ekki hægt að greiða lífeyrisþegum sjóðsins eingreiðslur eða uppbætur þar sem það rúmast ekki innan þess réttindakerfis sem lífeyrissjóðurinn starfar eftir.

Ekki tóku fleiri til máls.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir setu þeirra á ársfundinum og sleit fundi kl. 18.



Gunnar P. Pálsson
fundarstjóri



Valgarður Sverrisson
fundarritari